

Nd.

190. Frumvarp

til laga um hvalveiðamenn.

Flutningsmenn: Jón Ólafsson, Jón Jónsson S.-M.

1. gr.

Enginn hvalveiðamaður má hafa bækistöður hér á landi fyrir útveg sinn.

2. gr.

Enginn maður má flytja á land hérlandis hval, sem hann hefir drepíð, né neinar óunnar afurðir hvala, nema þeirra er dauðir finnast.

3. gr.

Enginn maður má leigja, selja né ljá nokkrum manni land til hagnýtingar við nokkra þá athöfn, er bönnuð er í lögum þessum.

4. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5 til 5000 kr. og fangelsi auk þess, ef brot er itrekað.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 1911 og gilda til 1. júlí 1920.